

Mánudaginn 14. marz 1960.

Nr. 27/1960. **Halldór Ólafsson**
 gegn
Halldóri Sigurðssyni og
Sigríði Bogadóttur.

Dómenður:

**hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr
 prófessor.**

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 10. febrúar 1960 og hingað kominni 25. s. m. skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 5. febrúar 1960 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um frávisun greinds máls frá bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og bæjarþingsmálinu verði vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og, að varnaraðiljum verði dæmt in solidum að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Ólafsson, greiði varnaraðiljum, Halldóri Sigurðssyni og Sigríði Bogadóttur, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 27. janúar

s.l., hafa Halldór Sigurðsson og Sigríður Bogadóttir, til heimilis að Rauðarárstíg 24, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru 7. febrúar 1959 og stefnu, birtri 17. febrúar 1959, gegn Halldóri Ólafssyni rafmagnsverkfræðingi, Rauðarárstíg 20, og til réttargæzlu Þorleifi Finnbogasyni, Fornhaga 13, og Jóhannesi Hannessyni, Blönduhlíð 22. Gera stefnendur þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að þeir séu eigendur að samtals $1\frac{3}{21}$ hlutum húseignar og lóðarréttinda að Rauðarárstíg 24, án skilyrða um lóðarréttindi fyrir bílskúr á lóðinni og innkeyrslu í hann. Einnig krefjast stefnendur dómsviðurkenningar fyrir því, að stefndi, Halldór Ólafsson, eigi ekki hlutdeild með sér í lóðarréttindum fasteignarinnar Rauðarárstígs 24 né hafi öðlzt þau réttindi við kaup á skúr, sem á lóðinni stendur. Einnig krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar in solidum úr höndum stefnenda að skaðlausu. Réttargæzlustefndi Jóhannes Hannesson hefur tekið að öllu leyti undir dómkröfur stefnda, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum. Réttargæzlustefndi Þorleifur Finnbogason hefur engar kröfur gert í máli þessu, og engar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum.

Stefnendur hafa krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 27. janúar s.l., og var málið tekið til dóms eða úrskurðar þann dag.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, útgefnu 23. júlí 1943, seldu þeir Sigurður Jónsson múrarameistari, Fjölnisvegi 18, og Sigurður Jónsson, Skeggjagötu 25, réttargæzlustefnda Jóhannesi Hannessyni bifreiðarstjóra og Gunnlaugi Bjarnasyni húseignina Rauðarárstíg 24 „með tilheyrandi leigulóð“, eins og í afsali greindi. Kaupendur keyptu í sameiningu allt húsið, þannig að í hlut Jóhannesar kom kjallari og fyrsta hæð ásamt tveimur herbergjum á þakhæð, en í hlut Gunnlaugs kom önnur hæð og eitt herbergi á þakhæð. Í afsalinu sagði og: „Kaupendur eru ásáttir um, að eignarhlutföll þeirra í allri eigninni verði þannig, að Jóhannes teljist eiga $1\frac{3}{21}$ hlutæ og Gunnlaugur $\frac{8}{21}$ hluta hennar“.

Meðan réttargæzlustefndi Jóhannes átti húsið, reisti hann bílskúr á lóðinni. Hafði framkvæmd sú verið samþykkt af byggingar-

nefnd Reykjavíkur 12. október 1944, og var þetta gert óátalið af Gunnlaugi, sameiganda Jóhannesar.

Réttargæzlustefndi Jóhannes var nú eigandi þessa hluta hússins til ársins 1946, en þá seldi hann með afsali, útgefnu 14. maí það ár, Helga Gíslasyni og öðrum stefnanda máls þessa, Sigríði Bogadóttur, fyrstu hæð hússins svo og geymslu í kjallara „og enn fremur miðstöð, þvottahús og leigulóðarréttindi til jafns við aðra eigendur hússins hlutfallslega“, eins og segir í afsali. Þar sagði og: „Hið selda telst vera $\frac{7}{21}$ hlutar af allri húseigninni“ Réttargæzlustefndi Jóhannes átti áfram kjallaraíbúðina, en með afsali, útgefnu 17. maí 1955, afsalaði hann henni til hins stefnanda málsins, Halldórs Sigurðssonar. Samkvæmt afsalinu skyldi íbúðinni fylgja 2 herbergi í risi hússins, geymsla í kjallara, geymsla í risi, „en þvottahús, miðstöð og lóðarréttindi í réttu hlutfalli við eignarhluta kaupanda í öllu húsinu“. Enn fremur sagði í afsali: „Eignarhlutinn er $\frac{6}{21}$ hlutar af allri húseigninni“ Loks seldi réttargæzlustefndi Jóhannes stefnda í máli þessu, Halldóri Ólafssyni, áðurgreindan bílskúr, og var afsal gefið út 27. júlí 1957. Var bílskúrin seldur „ásamt þeim lóðarréttindum sem honum fylgja“.

Nokkru áður en sala bílskúrsins fór fram, eða 15. febrúar 1957, hafði Páll S. Pálsson hrl., lögmaður stefnanda Halldórs Sigurðssonar, ritað réttargæzlustefnda Jóhannesi bréf, þar sem þess var óskað, að umræddur bílskúr yrði fjarlægður. Samningar voru síðan teknir upp, en af þeim varð þó ekki. Lét réttargæzlustefndi Jóhannes síðan þinglýsa skúrnum, og liggur veðbókarvottorð, dags. 12. júní 1957, fyrir í málinu. Er hann þar talinn eigandi skúrsins, en vafi sagður um lóðarréttindi. Páll S. Pálsson ritaði nú réttargæzlustefnda Jóhannesi enn bréf, dags. 12. júní 1957. Eru áðurgreindar kröfur þar ítrekaðar og þinglýsingu mótmælt. Skýrði lögmaðurinn frá því, að stefnendur, Halldór Sigurðsson og Sigríður Bogadóttir, hefðu ásamt Helga Gíslasyni falið sér umboð til að krefjast þess, að hann flytti skúrinn tafarlaust af lóð hússins, enda fylgdu honum engin lóðarréttindi. Loks ritaði Páll S. Pálsson stefnda, Halldóri Ólafssyni, bréf, dags. 12. júní 1958. Krafðist hann þess f. h. tveggja eigenda hússins, þeirra Halldórs Sigurðssonar og Sigríðar Bogadóttur, að skúrinn yrði fjarlægður, en bréfi þessu var ekki svarað af hálfu stefnda Halldórs. Var þá mál þetta höfðað og framangreindar kröfur gerðar.

Stefndi reisir kröfur sínar um frávísun á því, að umrædd fast-

eign, Rauðarárstígur 24, sé nú í sameign þeirra Þorleifs Finnbogasonar réttargæzlustefnda, sem eigi $\frac{8}{21}$ hluta húseignarinnar, og stefnenda málsins, Sigríðar Bogadóttur, sem teljist eiga $\frac{7}{21}$ hluta, og Halldórs Sigurðssonar, sem teljist eiga $\frac{6}{21}$ hluta. Þar sem stefnendur séu aðeins tveir sameigendanna, beri að vísa máli þessu frá dómi samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936, enda falli tilvikioð beint undir téð ákvæði, þar sem lóðarréttindin séu í óskiptri sameign allra sameigenda.

Stefnendur reisa andmæli sín við frávísunarkröfu stefnda á því, að samaðild samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 þurfi ekki fortakslaust að vera, þótt sameign sé fyrir hendi. Fari slíkt eftir atvikum. Stefnendur séu hér aðeins að leita eftir dómi um það, hver sé þeirra réttur og hver sé réttur stefnda Halldórs, en réttur sameiganda þeirra, réttargæzlustefnda Þorleifs Finnbogasonar, verði í engu skertur, þótt dómur nái fram að ganga um þessi atriði. Honum hafi og verið stefnt til réttargæzlu, en hann engum kröfum eða athugasemdum hreyft. Einnig komi til hagnýt sjónarmið, því að mjög væri rétti manna spillt, einkum þar sem sameigendur eru margir, ef allir yrðu jafnan að eiga aðild málsóknar, sem fasteignina varðaði.

Hér er um að ræða óskipta sameign, og verður að telja, að orð 46. gr. laga nr. 85/1936 um óskipt réttindi eigi m. a. við slíka sameign. Af þessu leiðir þó ekki, að ávallt sé ófrávikjanleg nauðsyn, að slíkir sameigendur eigi samaðild að höfðun máls út af sameigninni. Fer það eftir því, hvernig heimild hvers sameiganda til að ráða yfir eigninni er háttað. Önnur krafa stefnenda er sú, að viðurkennt sé, að þeir séu eigendur að $1\frac{3}{21}$ hlutum húss og lóðarréttinda. Hún getur ekki talizt fara í bága við heimild þeirra sem sameigenda, og er því ekki þörf á samaðild samkvæmt umræddri 46. gr. um hana. Hin krafa stefnenda er sú, að viðurkennt sé með dómi, að stefndi Halldór eigi ekki nein lóðarréttindi á umræddri fasteign. Þegar á það er litið, að þessi síðari krafa stefnenda er til rýmkunar á rétti allra sameigendanna, verður hvorki séð, að málshöfðun vegna hennar fari á neinn hátt í bága við réttarhagsmuni réttargæzlustefnda Þorleifs Finnbogasonar né honum sé þeirra vegna nein nauðsyn á því, að dómur nái ekki fram að ganga. Er þetta enn frekar ljóst, þegar á það er litið, að honum er stefnt til réttargæzlu, en hann hefur engar kröfur gert af því tilefni eða neinum athugasemdum hreyft. Kom það og fram í munnlegum málflutningi, að réttargæzlustefndi hafi ekki viljað taka þátt í umræddri máls-

höfðun. Verður því ekki talið, að ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 séu, eins og hér stendur á, til fyrirstöðu því, að dómur geti gengið í máli þessu, eins og það liggur fyrir að þessu leyti. Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað bíði dóms í aðal-málinu.

Sigurður Líndal, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 14. marz 1960.

Nr. 67/1959. **Þorvaldur Örn Vigfússon**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Nýja Kompaníinu h/f
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1959 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 317.668.55 eða til vara lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1956 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsókn-armál hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur verið aflað ýmissa